

Búseta innflytjenda á höfuðborgarsvæðinu

Jórunn Íris Sindradóttir* og Magnfríður Júlíusdóttir**

ÁGRIP

Í þjóðfélagsumræðu um málefni innflytjenda hafa heyrst áhyggjuraddir vegna fjölda þeirra í ákveðnum hverfum í Reykjavík, en minna hefur verið rætt og rannsakað hvernig aðstæður þeirra eru almennt á húsnæðismarkaði. Víst er að húsnæði er misskipt auðlind og vakti ör fjölgun innflytjenda á höfuðborgarsvæðinu upp spurningar um hvar og hvernig þeir búa. Í greininni er skýrt frá niðurstöðum kortlagningar á búsetudreifingu erlendra ríkisborgara eftir skólahverfum á höfuðborgarsvæðinu í árslok 2005. Í rannsókninni voru einnig tekin viðtöl við innflytjendur um reynslu þeirra af björgum og hindrunum á húsnæðismarkaði og velt upp spurningum um mögulega mismunun varðandi aðgengi að góðu húsnæði. Niðurstaða kortlagningarinnar er að finna má vísi að aðskilnaði og samþjöppun erlendra ríkisborgara og íbúasamsetning innflytjendaþéttustu hverfanna er fjölþjóðleg. Líklegast er að um ósjálfviljuga samþjöppun sé að ræða, sem tengist fyrst og fremst fjárhagslegum björgum innflytjenda. Búseta erlendra ríkisborgara er oft í dýru og rýru leiguhúsnæði í starfsmannabúðum og á almennum markaði og erfitt getur verið að fjármagna kaup á eigin húsnæði.

Lykilorð: Innflytjendur, erlendir ríkisborgarar, búsetumynstur, aðskilnaður, Reykjavík.

ABSTRACT

Residential patterns of immigrants in the greater Reykjavík area

Concerns about increasing numbers of immigrants in certain neighbourhoods in Reykjavík have been raised in recent debates on immigration. At the same time the housing conditions, more generally, of immigrants in Iceland has been little researched and discussed. Housing is not an evenly distributed resource, and the rapid increase in the immigrant population in the greater Reykjavík area opens up questions about where and how they reside. This article presents the first mapping of the residential pattern of foreign citizens by school district in the greater Reykjavík area. Furthermore, immigrants' views and experiences in the housing market were gathered through interviews. The mapping of residential patterns indicates an emerging tendency towards segregation and concentration of foreign citizens in the urban area. However, the concentration in certain districts is low and the composition of the most immigrant-dense districts is multiethnic. In the Icelandic context of predominantly private housing market and immigrants' position in the lower segments of the labour market, we claim the emerging segregation to be involuntary and primarily a consequence of the immigrants' limited financial resources. Foreign citizens in the greater Reykjavík area are frequently living in relatively expensive rental housing with regard to quality, both in special dormitories for guestworkers and in the private housing market.

Keywords: Immigrants, residential patterns, segregation, Reykjavík.

INNGANGUR

Frá árdögum borgvæðingar til samtímans hefur aðgreining íbúðahverfa á grunni efnahags, félagsstöðu, þjóðernis og kynþáttaflokkunar verið algeng birtingarmynd samþjöppunar og aðskilnaðar í borgarrými (van Kempen og Özüekren 1998; Fortuijn Musterd og Ostendorf 1998; Pacione 2001; Mayhew 2004). Í Bandaríkjunum hefur mikil

og langvarandi aðgreining í búsetu svartra og hvíttra verið viðfangsefni margra rannsókna (sjá t.d. Massey og Denton 1989; Charles 2003), en í Vestur-Evrópu hafa sjónir í auknum mæli beinst að búsetudreifingu innflytjenda. Hefur umræðan verið tengd samfélagslegri aðlögun, samþættingu eða jöðrun þeirra í kjölfar þróunar í búferlaflutningum frá miðbiki 20. aldar. Í

* Grad. Sch. of Social and Behavioural Sciences, Utrecht University. J.I.Sindradottir@students.uu.nl

** Land- og ferðamálafræðistofu Háskóla Íslands. mj@hi.is

byrjun var mest um flutninga fólks til vinnu í löndum í Norðvestur-Evrópu, frá efnahagslegum jaðarsvæðum Evrópu og fyrrum evrópskum nýlendum í öðrum heimshlutum. Síðar urðu flóttamenn og fjölskyldusameiningar umfangsmeiri í aðflutningi, þegar búseta fólks sem í upphafi var lítið á sem tímabundna farandverkamenn eða „gestavinnuafl“ (þ. Gastarbeiter, e. guestworkers) varð varanleg (Castles og Miller 2003). Að mati Castles (2006) má nú greina gömlu gestavinnuafls stefnuna í nýjum búningi í breytingum á innflytjendastefnu Evrópusambandsins.

Búferlaflutningar til Íslands, í einhverjum mæli, hófust mun síðar og dreifðist aðflutt vinnuafl í byrjun mest á sjávarpláss á landsbyggðinni. Í byrjun 21. aldarinnar hefur fjölgun innflytjenda á höfuðborgarsvæðinu hins vegar verið ör. Í ljósi þess að séreignarstefna hefur verið ráðandi í húsnæðismálum hér á landi og leigumarkaður fábrotinn (Jón Rúnar Sveinsson 2002), vakna spurningar um hvaða valkosti innflytjendur hafa haft um húsnæði. Í nýlegri stefnumótun um aðlögun innflytjenda (Félagsmálaráðuneytið 2007) eru stjórnvöld að vakna til vitundar um að hluti þeirra velur að setjast hér að, en þó fer lítið fyrir umræðu um búsetu- og húsnæðismál innflytjenda og efnið er lítið rannsakað hér á landi. Greininni er ætlað að bæta úr því með kortlagningu og greiningu á búsetudreifingu erlendra ríkisborgara af mismunandi uppruna, eftir hverfum og götum á höfuðborgarsvæðinu. Húsnæðismál innflytjenda í íslensku borgarsamhengi eru tengd fræðilegri umræðu um bjargir og hindranir á húsnæðismarkaði sem hafa áhrif á aðskilnað og samþjöppun í búsetu minnihlutahópa. Þar sem tölur einar og sér hafa takmarkað skýringargildi var leitað eftir reynslusögum nokkurra innflytjenda og fólks sem í starfi sínu þekkir til húsnæðismála þeirra á höfuðborgarsvæðinu, til að fá skýrari mynd af stöðunni.

BÚSETUAÐSKILNAÐUR Í BORGARRÝMI

Innan borgalandfræði á kortlagningu á búsetu mismunandi hópa og skýringar á ferlum og áhrifum aðgreiningar þeirra sér langa sögu (Pacione 2001; Musterd 2005; Ron, Poulsen og Forrest 2007). Er slík umfjöllun oft tengd rannsóknum á búferlaflutningum og endurnýjun hverfa (sjá t.d. Bjarna Reynarsson 2003). Landfræðingar tóku upp þráðinn frá félagsfræðingum Chicago-skólans, sem rannsökuðu þróun í búsetu innflytjendahópa í bandarískum borgum á 2. og 3. áratug síðustu aldar (sjá t.d. van Kempen og Özüekren 1998, 2003; Bråmås 2006; Ron o.fl. 2007). Samkvæmt áhrifamiklum kenningum borgarvistfræðinnar kepptu hópar innan borgasamfélagsins um takmarkaðar auðlindir og mátti lesa útkomuna í félagslegri lagskiptingu og rýmislegri aðgreiningu í borgarlandslaginu, sem oft var byggð á grunni þjóðernis eða kynþáttar, auk efnahags (Saltman 1991; Hiebert 2000). Helsta gagnrýni á kenningar borgarvistfræðinnar er að grunnur þeirra eru líffræðileg líkön fremur en félagslegir og menningarlegir ferlar. Lítið tillit er tekið til áhrifa stjórn mála og stjórnsýslu innan borga, auk vals og óska einstaklinga (van Kempen og Özüekren 1998). Upp úr gagnrýninni þróudust tvær meginlínur í kenningum um aðgreiningu hverfa eftir uppruna íbúanna. Annars vegar að búsetudreifing ráðist að mestu af vali einstaklinga og sé því sjálfviljug. Hins vegar að bjargir og hindranir á húsnæðismarkaði ráði mestu um þróunina og því sé aðskilnaður í rými ósjálfviljugur (Bråmås 2006; Skifter Andersen 2006; Czischke 2007).

SJÁLFVILJUG EÐA ÓSJÁLFVILJUG SAMÞJÖPPUN Í HVERFI?

Í borgarvistfræði Chicago-skólans var lítið á samþjöppun innflytjenda af sama uppruna í hverfi sem tímabundið ástand fyrst eftir

komu til nýja landsins. Með efnahagslegri og menningarlegri aðlögun myndu þeir síðar dreifast um borgarrýmið (Ron o.fl. 2007). Síðari tíma þróun búsetudreifingar innflytjenda í Bandaríkjunum og öðrum vestrænum löndum sýndi hins vegar viðvarandi búsetuaðskilnað sumra hópa. Í samanburði á stigi aðskilnaðar eftir yfirlýstri stefnu stjórnvalda um aðlögun innflytjenda reynist ekki vera mikill munur eftir því hvort áherslan er á aðlögun/samlögun (e. assimilation) innflytjenda á öllum sviðum samfélagsins eða fjölmenningsamfélag (e. multicultural/plural society), með áherslu á virðingu fyrir menningarlegum fjölbreytileika og val um menningarlega aðlögun (Rossi o.fl. 2004; Peach 2006; Czischke 2007; Ron o.fl. 2007). Þegar samþjöppun í búsetu innflytjendahópa er einkum skýrð með tilvísan í val um menningarlega aðlögun verður megináherslan á menningarmun á milli þjóðernishópa og ákvarðanir einstaklinga sem kjósa að búa nálægt fólki af sama uppruna. Sjálfviljug samþjöppun er álitin hafa ýmsa kosti fyrir hópinn, t.d. félagslegan stuðning frá samlöndum og viðhald sjálfsmýndar og menningarlegra einkenna (van Kempen og Özüekren 1998; Bråmås 2006).

Rossi o.fl. (2004) tala um að hefðbundið fjölmenningssjónarhorn, með áherslu á menningarmun og val á fulltrúum þjóðernishópa í nefndir um aðlögun innflytjenda í evrópskum borgum, sæti gagnrýni fyrir að ýkja mun á milli etnískra hópa og tóna niður fjölbreytileikann innan þeirra. Má meðal annars rekja þá gagnrýni til hugmynda um fjölpætta sjálfsmýnd einstaklinga í stöðugri mótun á mörkum menningarheima í borgarrými samtímans, þar sem leiðir fólks með fjölbreyttan menningarbakgrunn liggja víða saman í daglegu lífi (Dwyer 1999; Simonsen 2008). Í ráðandi skýringum um þessar mundir hefur val byggt á menn-

ingarmun vikið fyrir skýringum sem horfa til ósjálfviljugrar samþjöppunar og aðskilnaðar frá meirihlutasamfélaginu í búsetu innflytjenda og etnískra minnihluta-hópa. Ójöfn dreifing bjarga, hindranir og mismunun eru lykilhugtök í þeirri umræðu.

Staða og hreyfanleiki einstaklinga á húsnæðismarkaði ræðst að miklu leyti af fjárhagslegum, þekkingarlegum, pólitískum og félagslegum björgum þeirra (van Kempen og Özüekren 1998). *Fjárhagslegar bjargar* eru skilgreindar sem tekjur, tekjuöryggi og aðgengi að fjármagni. Í markaðshagkerfi ræður staða á vinnumarkaði miklu um valkosti varðandi húsnæði og gefur vís-bendingu um form umráðaréttar, þar sem tekjustig og -öryggi stýra aðgengi að lánsfé til húsnæðisakaupa. Einkum á það við þar sem eignarhúsnæði er ráðandi form og leigumarkaður veikburða, eins og á Íslandi (Jón Rúnar Sveinsson 2002), þar sem einungis um 11% bjuggu í leiguhúsnæði árið 2003 (Félagsmálaráðuneytið 2004). Í mörgum ríkjum Vestur-Evrópu hafa jöfnunar-aðgerðir hins opinbera á húsnæðismarkaði, svo sem stuðningur við átak í byggingu húsnæðis fyrir tekjulægri hópa, félagslegt leiguhúsnæði og húsaleigubætur, vegið upp skort á fjárhagslegum björgum. Dæmi um húsnæðisátak er „milljónarátakið“ (s. miljonprogrammet) í Svíþjóð á 7. og 8. áratugnum. Sum þeirra fjölbýlishúshaverfa sem reist voru í átakanu og hýstu í byrjun sænskt verkafólk eru innflytjendapöttustu hverfi sænskra borga í dag (Bråmås 2006). Á Íslandi er Fellahverfið í Breiðholti dæmi um sambærilegt ferli í smækkaðri mynd, en það var byggt á árunum 1970–75 í kjölfar samnings verkalýðshreyfingarinnar og ríkis-valdsins (Eggert Þór Bernharðsson 1998). Í Evrópu hefur þróunin síðustu tvo áratugi verið í átt að markaðsvæðingu húsnæðis og hefur í kjölfarið víða þrengt að efnaminnstu hópum á húsnæðismarkaði, þar með töldum

þeim innflytjendum sem hafa lakasta stöðu (Edgar 2004; Czischke 2007).

Menntun er ein mikilvægasta *þekkingarlega björgin* á húsnæðismarkaði vegna sambands við stöðu á vinnumarkaði (van Kempen og Özüekren 1998). Samband tekna og menntunar er þó ekki sjálfgefið og eiga innflytjendur sem koma lengra að oft erfitt með að komast í störf sem ríma við menntun þeirra. Í sænskri könnun á vinnumarkaðsstöðu háskólamenntaðs fólks voru einungis 49% þeirra sem fæddir voru utan Evrópu í vinnu, á meðan sambærileg tala fyrir háskólamenntað fólk fætt í Svíþjóð var 84%. Af erlendis fæddum, sem höfðu atvinnu, unnu um 40% við störf sem samsvöruðu menntun frá upprunalandi þeirra (SCB 2004). Meðal annarra þekkingarlegra bjarga við öflun húsnæðis er þekking á stofnunum og stefnu á því sviði, auk tungumálakunnáttu til upplýsingaöflunar. Tengsl við fólk sem getur liðsinnt við að ná betri stöðu á húsnæðis- og vinnumarkaði eru hluti *félagslegra bjarga*. Sterkt félagsnet fjölskyldu og vina á nýjum stað er mikilvægt í því samhengi, auk tengsla við áhrifafólk í samfélaginu. Hinar *pólítísku bjargar* vísa til möguleika einstaklinga á að öðlast formleg réttindi í samfélaginu og verja þau (van Kempen og Özüekren 1998).

STIGVELDI ÞJÓÐERNISHÓPA Á HÚSNÆÐISMARKAÐI

Rannsóknir á Norðurlöndunum sýna að stigveldi þjóðernishópa er algengt á húsnæðismarkaði. Takmarkaður hreyfanleiki í búsetulandslagi borganna og samfélagsstöðu fellur þar saman. Í Svíþjóð hefur fólk af norður-evrópskum eða engilsaxneskum uppruna svipað búsetumynstur og fólk með sænskar rætur, á meðan búseta fólks af afrískum og arabískum uppruna er mest aðskilin frá meirihlutasamfélaginu (Andersson 1998; Molina 2004). Sama mynstur er í

Danmörku. Þar sem hæst hlutfall fólks af sómölskum, arabískum og tyrkneskum uppruna býr í hverfum þar sem innflytjendur eru meirihluti íbúa og húsnæðið í eigu sveitarfélags (Skifter Andersen 2006). Í Noregi eru Sómalar og Írakar líklegastir til að búa í stórum fjölbýlishúsum og við þrengsli og umferðarhávaða (Blom og Henriksen 2008).

Í rannsóknum á stigveldisskiptingu á húsnæðismarkaði hefur að mati Molina (2005) lítið verið rætt um áhrif viðhorfa og gjörða meirihlutasamfélagsins á ferli aðskilnaðar og samþjöppunar í búsetu innflytjenda. Þar kemur mismunurinn inn sem hindrun og má rekja hana til hinna ýmsu gerenda sem koma að mótun búsetumynsturs í borgum (Lappalainen 2005). Greint er á milli beinnar, óbeinnar og stofnanabundinnar mismununar og eru mörk á milli flokkanna stundum óskýr. Í tilviki innflytjenda er grunnur mismununar oftast þjóðerni, húðlitur eða trúarbrögð. Talað er um *beina mismunun* þegar aðilar á húsnæðismarkaði mismuna greinilega og vísvitandi, með neikvæðum afleiðingum fyrir það fólk sem fyrir því verður (Englund 2004; Harrison, Law og Phillips 2005; Molina 2005). Í samanburðarkönnun Evrópsku eftirlitsstofnunarinnar með kynþáttafordómum/rasisma og útlendingaóvild (European Monitoring Centre on Racism and Xenophobia – EUMC) eru margvísleg dæmi um mismunun á leigumarkaði í fimmtán fyrstu ríkjum Evrópusambandsins, einkum gagnvart fólki með rætur utan Evrópu. Nægði erlent nafn, dökkur húðlitur eða erlendur hreimur til að auglýst íbúð væri sögð útleigð, þó svo hafi ekki verið raunin. Höfnunina mátti oftast rekja til staðalímýnda leigusala um að innflytjendur borguðu ekki á réttum tíma, byggju margir saman eða gengju illa um húsnæði. Í sumum tilvikum gerðu leigusalar aðrar kröfur til innflytjenda en innfæddra, svo sem að biðja um vottorð um tekjur, og algengt var

að ákveðnum hópum byðist aðeins lélegt húsnæði og þyrftu að borga hærri leigu en innfæddir. Einnig voru dæmi um að fólki af ákveðnu þjóðerni hafi verið hafnað sem kaupendum af ótta við að fasteignaverð hverfis myndi lækka við aðflutning þeirra (Harrison, Law og Phillips 2005).

Talað er um *óbeina mismunun* þegar reglur, viðmið og skilyrði á húsnæðismarkaði virðast hlutlaus, en mismuna í raun vissum hópum. Getur afleiðingin verið útilokun minnihlutahópa frá ákveðnum sviðum húsnæðismarkaðarins (Englund 2004; Molina 2005). Dæmi um óbeina mismunun er þegar reglur um úthlutun félagslegs húsnæðis leiða til þess að hlutfallslega fleiri innflytjendur en innfæddir eru útilokaðir vegna skilyrða um dvalarlengd eða ríkisborgararétt. Á almennum leigumarkaði eiga nýaðfluttir erfiðara með að uppfylla algengar kröfur um meðmæli frá fyrri leigusölum og staðfestingu á tekjum (Edgar 2004; Harrison, Law og Phillips 2005).

Stofnanabundin mismunun vísar til formgerðar samfélaga, eins og lagskiptingar á vinnumarkaði og stefnumörkunar stjórnvalda. Børresen (2002) tekur sem dæmi mismunun sem felist í því að litið sé á innflytjendur sem óaðrögnu vinnuafli, oft með vísan í skort á tungumálakunnáttu eða menntun. Húsnæðisstefna stjórnvalda varðandi fjármögnun, skattlagningu og bætur getur skapað flókið samspil hindrana sem útiloka minnihlutahópa frá góðu húsnæði. Ákvæði í innflytjendalöggjöf geta einnig flokkast sem stofnanabundin mismunun á húsnæðismarkaði (Harrison, Law og Phillips 2005).

KORTLAGNING Á BÚSETU-MYNSTRI ERLENDRA RÍKISBORGARA

Grunngögnin, sem unnið var með við þessa fyrstu kortlagningu á búsetu erlendra

ríkisborgara á öllu höfuðborgarsvæðinu, fengust með sérkeyrslu úr þjóðskrá. Sýndu þau lögheimilisskráningu eftir ríkisfangi íbúa, flokkað á götur og póstnúmer í sveitarfélögunum sjö, 31. desember 2005. Lögð var mikil vinna í að flokka tölur fyrir einstaka götur í skólahverfi almennra grunnskóla, yfirleitt frá 1. til 7. bekk, til að grunnur kortlagningarinnar yrði smærri svæði en póstnúmer í þremur fjölmennustu sveitarfélögunum. Reykjavík var skipt upp í 32 skólahverfi, Kópavogi í níu og Hafnarfirði í átta. Gardabæ, Mosfellsbæ, Seltjarnarnesi og Álftanesi var ekki skipt í skólahverfi. Gögnin voru því flokkuð í alls 53 hverfi, með skólahverfi sem uppistöðu. Samkvæmt skiptingunni var Gardabær fjölmennasta hverfið, með yfir níu þúsund íbúa, en Norðlingaholt var langfámennast með 271 íbúa.

Á höfuðborgarsvæðinu bjuggu ríkisborgarar 122 ríkja, auk Íslands. Pólskir ríkisborgarar voru flestir, tæplega eitt þúsund. Erlendu ríkisföngunum var skipt í fjóra landahópa, þar sem megin viðmið voru landfræðileg lega, þróun í aðflutningi til Íslands og skipting heimansins á grunni sögu og landfræðilegra ímynda um mismun svæða í menningarlegum og efnahagslegum skilningi (sbr. Said 1978; Gregory 1994). Í úrvinnslu hagstofa og í rannsóknum er misjafnt hvernig innflytjendur eru flokkaðir eftir uppruna. Hugtök á borð við „utan Evrópu“ og „vestræn lönd“ eru algeng, þó að skilgreining þeirra geti verið misjöfn. Norska hagstofan flokkar t.d. lönd fyrrum Austur-Evrópu, sem „ekki vestræn lönd“ á meðan sú danska setur ESB-löndin 25 öll í flokkinn „vestræn lönd“ (Blom 2006).

Ríkisfangslöndunum var skipt í eftirfarandi fjóra flokka: Vestur-Evrópa og Norður-Ameríka; Austur-Evrópa; Suðaustur-Asía¹; Önnur lönd (Afríka, önnur lönd Asíu, Eyjaálfa og Mið- og Suður-

¹ Þeim flokki tilheyra Brúnei, Filippseyjar, Indónesía, Kambódía, Laos, Malasía, Myanmar, Singapúr, Taíland, Austur-Tímor og Víetnam.

Ameríka). Ákveðið var að hafa Suðaustur-Asíu sérflokk, þar sem frá þremur löndum svæðisins hafa komið nokkuð margir, allt frá áttunda áratug 20. aldar þegar fyrstu kvótaflóttamennirnir frá Víetnam komu hingað til lands (Ómar Ingbórsson 1995; Félagsmálaráðuneytið 2005).

Hafa ber í huga að gögnin einskorðast við erlenda ríkisborgara. Frá 1991 til 2005 var 4.726 einstaklingum veitt íslenskt ríkisfang og í árslok 2007 var fjöldinn kominn í 6.217² (Hagstofa Íslands á.á. d). Ekki voru aðgengilegar tölur um fjölda nýrra ríkisborgara á höfuðborgarsvæðinu árið 2005. Óvíst er hversu nákvæm gögnin eru, þar sem lögheimilisskráning er forsenda skrárinnar. Úttekt Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins á umfangi ólög-mætrar búsetu í atvinnuhúsnaði sýndi að um 1.250 manns þjuggu að staðaldri í slíku húsnaði í byrjun árs 2007, flestir í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði. Að sögn Jónasar Helgasonar hjá forvarnarsviði slökkviliðsins var stór hluti erlendra verkamanna sem bjó í slíku húsnaði hvergi skráður með lögheimili og naut því ekki réttinda, svo sem almannatrygginga. Alþingi brást skjótt við með lagabreytingu í lok apríl 2007 þar sem heimilað var að skrá lögheimili í starfsmannabúðum í iðnaðarhverfum að fengnu leyfi (Lög nr. 67/2007). Ljóst er af gögnunum að margir voru með skráð lögheimili í atvinnuhúsnaði fyrir breytinguna.

Aukinn aðflutningur

Búseta erlendra ríkisborgara fór að aukast hér á landi á 10. áratug 20. aldar og varð síðan mjög hröð aukning árin 2005–2007. Í byrjun árs 2005 voru erlendir ríkisborgarar 10.634 (3,5% íbúa) og voru orðnir helmingi fleiri, 21.434 (6,8% íbúa), í ársbyrjun 2008 (Hagstofa Íslands 2008). Skýrist fjöl-gunin síðustu ár mest af aðflutningi karla á vinnualdri frá nýjum aðildarríkjum Evrópusambandsins, sem fengju frjálstan aðgang að íslenskum vinnumarkaði 1. maí 2006 (Lög nr. 21/2006; Hagstofa Íslands 2007). Þrátt fyrir að erlent vinnuafli við virkjana- og álversframkvæmdir á Austur-landi hafi verið mikið í umræðunni, hefur stór hluti aðfluttra sótt til höfuðborgarsvæðisins á síðustu þremur árum. Árið 2007 var flutningsjöfnuður gagnvart landsbyggðinni neikvæður um 355 á sama tíma og hann var jákvæður um 3.407 fyrir millilandaflutninga erlenda ríkisborgara (sjá töflu 1).

Áður en gerð verður grein fyrir fjöl-gun erlendra ríkisborgara í einstökum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu, frá árslokum 2005–2007³, verða kynntar niðurstöður á greiningu á skráningu eftir ríkisfangi í árslok 2005.

Innflytjendabétt⁴ og -þunn hverfi og götur

Við árslok 2005 bjuggu 53% erlendra ríkisborgara á Íslandi í sveitarfélögunum sjö á höfuðborgarsvæðinu, alls 7.362⁵ manns

² Fyrra ríkisfangsland fjölmennustu hópa sem urðu íslenskir ríkisborgarar á tímabilinu 1991–2007 skiptist þannig: Pólland (1.020), Filippseyjar (700), Taíland (513), Lönd fyrrum Júgóslavíu (511), Bandaríkin (443).

³ Í gögnum á vefsíðu Hagstofu Íslands eru mannfjöldatölur um áramót nú settar fram sem tölur í byrjun árs, þ.e. 1. janúar. Gögnin sem unnið var með í verkefninu, sem er grunnur greinarinnar, voru dagsett 31. desember 2005 og er það ártal notað. Til samræmis er hér talað um árslok 2007 þegar vísað er í tölur sem settar eru fram sem 1. janúar 2008 hjá Hagstofunni.

⁴ Hugtakið *innflytjendabéttleiki* er hér notað yfir hlutfall íbúa með erlent ríkisfang í hverfi. Er það snörun úr sænsku, þar sem talað er um „invandrantátta“ svæði. Skilgreining á innflytjanda er víðtækari í sænskum rannsóknum þar sem hugtakið er notað.

⁵ Að auki voru 21 óstaðsettir erlendir ríkisborgarar í skránni.

Tafla 1 Flutningar til og frá höfuðborgarsvæðinu, 2005–2008

	2005	2006	2007	2008*
<i>Flutningur til og frá útlöndum (Íslendingar)</i>				
Aðfluttir	2.323	2.102	2.251	1.653
Brotfluttir	2.174	2.157	2.401	1.885
Flutningsjöfnuður	149	-55	-150	-232
<i>Flutningur til og frá útlöndum (erlendir ríkisborgarar)</i>				
Aðfluttir	1.812	3.289	4.360	4.963
Brotfluttir	464	683	953	950
Flutningsjöfnuður	1.348	2.606	3.407	4.013
<i>Flutningur til og frá landsbyggðinni</i>				
Aðfluttir	3.909	3.770	3.820	2.782
Brotfluttir	3.980	3.513	4.175	2.948
Flutningsjöfnuður	-71	257	-355	-166
<i>Samtals aðfluttir umfram brotflutta</i>	<i>1.426</i>	<i>2.808</i>	<i>2.902</i>	

*janúar–september

Heimild: Hagstofa Íslands á.á. a, á.á. b

(3,9% íbúa). Áberandi hæst hlutfall íbúa með erlent ríkisfang var í Reykjavík, 4,7%. Í Mosfellsbæ og á Álftanesi var það lægst, 1,8 og 1,9% (sjá töflu 6).

Samkvæmt kortlagningu á hlutfalli erlendra ríkisborgara af íbúum í hverfunum 53 var það hæst í Fellahverfi, 11,5%, og lægst í Norðlingaholti, 0,7% (sjá töflu 2 og mynd 1). Eins og lesa má út úr töflu 2 bjuggu 517 erlendir ríkisborgarar í Fellahverfi. Fjöldi í hverfi var mestur í miðbæ Reykjavíkur


(764), en vegna stærðarmunar hverfanna er miðbærinn í þriðja sæti yfir innflytjendaþéttleika á meðan Kjalarnes er í öðru sæti með 98 erlenda ríkisborgara.

Ef búseta erlendra ríkisborgara dreifðist jafnt um höfuðborgarsvæðið ætti hlutfall þeirra í mismunandi hverfum að vera nálægt hlutfalli þeirra á svæðinu í heild, þ.e. 3,9%. Í 20 af 53 hverfum var innflytjendaþéttleikinn jafn eða yfir meðaltali höfuðborgarsvæðisins (sjá mynd 1).

Tafla 2 Hverfi með hæst hlutfall erlendra ríkisborgara 2005

Röð*	Hverfi	Íbúafjöldi	Erlendir ríkisborgarar	%
1	Fellahverfi	4.496	517	11,5
2	Kjalarnes	896	98	10,9
3	Miðbær	7.371	764	10,4
4	Gamli Vesturbær	5.082	447	8,8
5	Hlíðar N / Holt / Norðurmýri	5.466	420	7,7
6	Háaleiti N	2.868	185	6,5
7	Neðra Breiðholt	3.806	224	5,9
8	Vesturbær	6.968	398	5,7
9	Kópavogur–Hjallar	2.643	148	5,6
10	Hafnarfjörður–Miðbær	3.195	159	5,0
	<i>Höfuðborgarsvæðið í heild</i>	<i>187.422</i>	<i>7.362</i>	<i>3,9</i>

* Röð eftir hlutfalli erlendra ríkisborgara.



Mynd 1 Hlutfall erlendra ríkisborgara eftir hverfum á höfuðborgarsvæðinu, 2005

Á mynd 1 sést vel að nýlega byggð hverfi í útjafri þriggja stærstu sveitarfélöganna á höfuðborgarsvæðinu og minni sveitarfélögin, með hæst hlutfall sérbylis í húsakosti (Fasteignamat ríkisins 2006a), hafa lægst hlutfall íbúa með erlent ríkisfang. Í fjórtán hverfum voru innan við tvö prósent íbúa erlendir ríkisborgarar. Þar er því í raun að finna mestan aðskilnað og samþjöppun í búsetu eftir ríkisfangi á höfuðborgarsvæðinu.

Við margar götur reyndist innflytjendaþéttleikinn vera mun hærri en í einstaka hverfum. Í evrópskum borgum er slíkt samband aukins innflytjendaþéttleika og smækkunar svæða vel þekkt. Er megin-skýringin að unnið hefur verið markvisst

gegn miklum aðskilnaði í búsetu eftir efnahag og félagsstöðu í skipulagi hverfa. Með blöndun húsnæðis sem hæfir misbústnum bankareikningum og jöfnunaradgerðum velferðarkerfis hefur tekist að halda miðstétt og lágstétt saman í hverfisrými. Búseta ríkasta hluta íbúanna er hins vegar mest aðgreind (Mustered 2005).

Hæst hlutfall innflytjenda bjó í götum sem tilheyra iðnaðarhverfum í Hafnarfirði og Garðabæ. Má sem dæmi nefna Iðnbúð í Garðabæ, en af 81 íbúa með lögheimili þar voru 65 erlendir ríkisborgarar. Í götum í íbúðahverfum með fleiri en 100 íbúa var hlutfall erlendra ríkisborgara hæst í fjölbýlishúsagötum í Fellahverfi og við nokkrar götur í miðbænum og

gamla Vesturbænum í Reykjavík (sjá töflu 3). Utan Reykjavíkur komst einungis Nýbýlavegur í Kópavogi inn á listann yfir tíu innflytjendapöttustu göturnar.

Búsetudreifing eftir uppruna

Eins og rætt var framfar hefur í erlendum rannsóknum verið könnuð stigveldisskipting í búsetuadgreiningu etnískra hópa, eftir þáttum eins og ríkisfangi eða upprunasvæði í landfræðilegum, pólitískum, efnahagslegum eða menningarlegum skilningi sögu og samtíma. Greining á búsetumynstri eftir skiptingu fólks í fjóra landahópa sýnir að blöndu fólks úr öllum hópum má finna bæði í sveitarfélögunum sjö (sjá nánar á bls. 13) og í hverfunum fimm í Reykjavík, þar sem flestir erlendir ríkisborgarar búa á höfuðborgarsvæðinu. Þrátt fyrir að

blöndun og þar með etniskur fjölbreytileiki sé meginmynstrið má líka sjá mun eftir uppruna.


Langflest ríkisföng féllu undir landahópna *Vestur-Evrópa* og *Norður-Ameríka* (2.882 – 1,54% íbúa) og *Austur-Evrópa* (2.492 – 1,33% íbúa). Fólks frá *Suðaustur-Asíu* kom í þriðja sæti (1.172 – 0,63% íbúa) og fæstir komu frá restinni af heiminum í flokknum *Önnur lönd* (837 – 0,54% íbúa). Á mynd 2 má sjá skiptingu landahópanna í hverfum þar sem flestir með erlent ríkisfang búa.

Meginmunurinn á samsetningu landahópanna í hverfunum er að frá Suðaustur-Asíu var lítill hluti í skólahverfum í Vesturbæ, en mun stærri hluti fólks þaðan

Tafla 3 Götur í íbúðahverfum með hæst hlutfall erlendra ríkisborgara 2005

Gata*	Hverfi	Íbúaföldi	Erl. ríkisborgarar	%
Iðufell	Fellahverfi	130	41	31,5
Gyðufell	Fellahverfi	178	52	29,2
Törfufell	Fellahverfi	359	81	22,6
Nýlendugata	Gamli Vesturbær	140	31	22,1
Þórufell	Fellahverfi	176	37	21,0
Lokastígur	Miðbær	113	23	20,4
Seljavegur	Gamli Vesturbær	138	26	18,8
Laugavegur	Miðbær; Hlíðar N/Holt/Norðurmýri	620	116	18,7
Nýbýlavegur	Kópavogur–Digranes	312	54	17,3
Barónsstígur	Miðbær	230	39	17,0

* Röð eftir hlutfalli erlendra ríkisborgara.



Mynd 2 Hlutfall landahópa í hverfum með flesta erlendra ríkisborgara 2005

bjó í bæði Fellahverfi og Hlíðum/Holtum/Norðurmýri. Í Fellahverfi var hins vegar fólk með ríkisfang í löndum fyrrum Austur-Evrópu stærsti hópur erlendra ríkisborgara, á meðan fólk frá Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku var fjölmennast í fjórum hverfanna. Ef skyggnst er nánar í samsetningu innan landahópanna bjó fólk frá 68 ríkjum í miðbæ Reykjavíkur og frá 49 ríkjum í Fellahverfi. Fjölbreytileikinn liggur þar á milli í hinum hverfunum. Í miðbænum voru bandarískir (60) og þýskir (48) ríkisborgarar flestir þeirra sem komu frá Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku, á meðan flestir frá Austur-Evrópu höfðu pólskt (55) og litháískt (42) ríkisfang. Ríkisborgarar Tílands (48) og Filippseyja (47) voru fjölmennastir úr Suðaustur-Asíu hópnunum. Eins og sést á þessum tölum var fjöldi stærstu hópa frá einstaka löndum í miðbænum nokkuð jafn. Í Fellahverfi var stærsti hópurinn fólk frá Austur-Evrópu og þar af voru pólskir ríkisborgarar fjölmennastir (97). Flestir frá einu landi voru hins vegar með filippseyskt ríkisfang (105). Í Hlíðum/Holtum/Norðurmýri var fólk frá Filippseyjum (75) einnig fjölmennt og þar næst Lítháar (31). Í hverfum Vesturbæjarins

voru flestir frá Bandaríkjunum, Póllandi, Danmörku og fyrrum Júgóslavíu.

Ef rýnt er í hvort samþjöppun fólks úr landahópunum fjórum sé mikil, og þá í hvaða hverfum, sést bæði munur og keimlík dreifing hópa (sjá töflur 4 og 5). Í fjölmennasta og fámennasta hópnunum bjuggu tæp 40% í fimm fjölmennustu hverfum hópanna og er búsetudreifing þeirra mjög lík. Samanborið við stigveldis-skiptingu á Norðurlöndunum, sem fjallað var um frammar, er lík dreifing þessara hópa hér á landi áhugaverð og getur skýrst af mörgum þáttum, s.s. hversu fáir eru frá einstaka „fjarlægum“⁶ ríkjum í hópnunum *Önnur lönd* og að fólkið hafi komið vegna fjölskyldu- eða vinatengsla við Íslendinga, en ekki í stórum flóttamannahópum.

Minnst samþjöppun í hverfi reyndist meðal fólks frá Austur-Evrópu. Í fimm fjölmennustu hverfum hópsins bjuggu 28,4% á meðan um helmingur fólks frá Suðaustur-Asíu bjó í aðeins fimm af 53 hverfum. Þó að allstór hluti þessara tveggja hópa hafi búið í miðbæ Reykjavíkur eða nágrenni eiga þeir það sameiginlegt að flestir bjuggu í Fellahverfi (sjá töflu 5).

Tafla 4 Búsetuhverfi fjölmennustu hópa 2005 frá a) Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku og b) löndum sem flokkast undir „önnur lönd“.

Vestur-Evrópa og Norður-Ameríka			Önnur lönd		
Hverfi	Fjöldi	% hóps	Hverfi	Fjöldi	% hóps
Miðbær	363	12,6	Miðbær	101	12,1
Gamli Vesturbær	240	8,3	Vesturbær	62	7,4
Vesturbær	214	7,4	Gamli Vesturbær	59	7,1
Hlíðar N/Holt/Norðurmýri	155	5,4	Hlíðar N/Holt/Norðurmýri	50	6,0
Garðabær	152	5,3	Háaleiti N	46	5,5
<i>Samtals í fjölmennustu hverfum</i>	<i>1.124</i>	<i>39,0</i>	<i>Samtals í fjölmennustu hverfum</i>	<i>318</i>	<i>38,1</i>
<i>Samtals á höfuðborgarsvæðinu</i>	<i>2.873</i>	<i>1,5</i>	<i>Samtals á höfuðborgarsvæðinu</i>	<i>835</i>	<i>0,5</i>

⁶ Fjarlægð merkir hér bæði vegalengdir og framandleika í anda landfræðilegra ímynda af þjóðum í fjarlægum heimsálfum. Útlitslega er fólk úr hópnunum *Önnur lönd* líklegra til að skera sig frá meirihlutasamfélaginu (vera „sýnilegir útlendingar“), þó að saga frjálsra og þvingaðra fólksflutninga geri að verkum að ekki er hægt að alhæfa um samband útlits/húðlitar og ríkisfangs.

Tafla 5 Búsetuhverfi fjölmennustu hópa 2005 frá a) Austur-Evrópu og b) Suðaustur-Asíu

Austur-Evrópa			Suðaustur-Asía		
Hverfi	Fjöldi	% hóps	Hverfi	Fjöldi	% hóps
Fellahverfi	232	9,3	Fellahverfi	169	14,4
Miðbær	171	6,8	Hlíðar N/Holt/Norðurmýri	133	11,3
Gamli Vesturbær	118	4,7	Miðbær	120	10,2
Vesturbær	97	3,9	Neðra-Breiðholt	78	6,7
Hafnarfjörður–Miðbær	92	3,7	Laugarneshverfi	54	4,6
<i>Samtals í fjölmennustu hverfum</i>	<i>710</i>	<i>24,8</i>	<i>Samtals í fjölmennustu hverfum</i>	<i>554</i>	<i>47,2</i>
<i>Samtals á höfuðborgarsvæðinu</i>	<i>2.487</i>	<i>1,3</i>	<i>Samtals á höfuðborgarsvæðinu</i>	<i>1.167</i>	<i>0,6</i>

Skýring á áberandi minni samþjöppun ríkisborgara frá Austur-Evrópu í fáum hverfum getur verið að stærri hluti þess hóps sé dreifður á starfsmannabúðir vítt og breitt um höfuðborgarsvæðið. Þá eru þeir í raun meira aðgreindir í búsetu en ætla má af minni samþjöppun í einstök íbúðahverfi.

Þróun frá 2005 til 2007

Við árslok 2007 voru 12.781 erlendir ríkisborgarar skráðir með lögheimili á

höfuðborgarsvæðinu og hafði þeim fjölgað um 5.466 á tveimur árum. Mest fjölgun varð í Reykjavík, um 3.394 manns, og þar næst í Hafnarfirði um rúmlega átta hundruð (sjá töflu 6). Aukning í hlutfalli erlendra ríkisborgara af íbúum sveitarfélags, er hins vegar mest á þessu tímabili í Mosfellsbæ (úr 1,8 í 6,5% íbúa), en hæst var hlutfallið eftir sem áður í Reykjavík, 7,4%. Mun minni aukning í innflytjendapéttleika og fjölda

Tafla 6 Fjöldi erlendra ríkisborgara eftir landahópum og sveitarfélögum 2005 og 2007

Sveitarfélag		V-Evr. N-Am.	SA- Asía	A- Evrópa	Önnur lönd	Samtals	Fjölgun	% íbúa
Reykjavík	2005	2.022	961	1.764	641	5.388		4,7
	2007	2.571	971	4.333	907	8.782	3.394	7,4
Kópavogur	2005	316	112	327	65	820		3,1
	2007	336	103	965	78	1.482	662	5,2
Hafnarfjörður	2005	232	53	275	76	636		2,8
	2007	330	71	947	90	1.438	802	5,8
Garðabær	2005	152	16	42	38	248		2,6
	2007	129	7	157	35	328	80	3,3
Mosfellsbær	2005	79	8	44	4	135		1,8
	2007	116	9	395	12	532	397	6,5
Seltjarnarnes	2005	54	11	22	6	93		2,1
	2007	61	5	81	14	161	68	3,6
Álftanes	2005	18	6	13	5	42		1,9
	2007	24	5	24	5	58	16	2,4
<i>Samtals</i>	<i>2005</i>	<i>2.873</i>	<i>1.167</i>	<i>2.487</i>	<i>835</i>	<i>7.362</i>		<i>4,0</i>
	<i>2007</i>	<i>3.567</i>	<i>1.171</i>	<i>6.902</i>	<i>1.141</i>	<i>12.781</i>		<i>6,5</i>
Fjölgun 2005–2007		694	4	4.433	306	5.466		


Byggt á Jórinni Írisi Sindradóttur 2007 og Hagstofu Íslands á.á. c

varð hins vegar í Garðabæ, á Álftanesi og Seltjarnarnesi.

Pegar titið er á þróunina eftir skiptingu í fjóra landahópa blasir við að ríkisborgurum frá Austur-Evrópu hefur fjölgað langmest, eða um 4.433. Hefur þeim fjölgað á öllu höfuðborgarsvæðinu á meðan fjöldi ríkisborgara frá Suðaustur-Asíu stendur nánast í stað. Fólki frá Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku, sem var flest árið 2005, fjölgaði um tæp sjö hundruð og frá hópnum *Önnur lönd* fjölgaði um rúm þrjú hundruð (sjá töflu 6). Á mynd 3 kemur skýrt fram fjölgun ríkisborgara frá Austur-Evrópu, sem voru stærsti hópurinn í öllum sveitarfélögum 2007, utan á Álftanesi þar sem jafn margir voru frá Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku.

Mikil fjölgun árin 2006 og 2007 er einkum rakin til eftirspurnar á vinnumarkaði,

þar sem erlent vinnuafli hefur mest komið til vinnu í þjónustugreinum og byggingariðnaði. Samkvæmt gögnum Vinnuálastofnunar fyrir árið 2007 voru 7.196 tilkynningar frá fyrirtækjum um komu starfsfólks frá nýju aðildarríkjum ESB á meðan aðeins voru gefin út 535 ný atvinnuleyfi vegna starfsfólks frá löndum utan EES (Frank Friðrik Friðriksson og Karl Sigurðsson 2008). Áhrif forgangsíbúa Evrópska efnahagssvæðisins, í samspili við útlendingalöggjöf, eru greinileg í breytingum á samsetningu eftir landahópum. Hluti skýringa á því að fjöldi erlendra ríkisborgara frá Suðaustur-Asíu stendur í stað er veiting íslensks ríkisfangs til fólks frá því svæði, sem flutti til landsins áður en múrarnir um Evrópusvæðið fóru hækkandi. Frá einstaka löndum utan EES koma nú stærri hópar frá öðrum löndum en áður.⁷



Mynd 2 Hlutfall landahópa innan sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu 2005 og 2007 (Byggt á Jörunni Írisi Sindradóttur 2007 og Hagstofu Íslands á.á. c)

⁷ Á umræddu tímabili komu flestir frá Indlandi (50), 29 frá Kólumbíu (kvótaflóttamenn) og 28 frá Kína (Hagstofa Íslands á.á. c).

VIÐHORF OG STAÐA INNFLYTJENDA Á HÚSNÆÐISMARKAÐI

Til að fá innsýn í reynslu og viðhorf innflytjenda til húsnæðismarkaðar höfuðborgarsvæðisins, voru tekin fimm viðtöl vorid 2007 (Jórunn Íris Sindradóttir 2007). Leitað var eftir viðmælendum af mismunandi uppruna, sem byggju dreift um svæðið. Auk þess var rætt við fólk sem í gegnum starf sitt þekkir til húsnæðismála innflytjenda, þau Eddu Ólafsdóttur, félagsráðgjafa hjá Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða; Margréti Steinarsdóttur, lögfræðing hjá Alþjóðahúsi, og Jónas Helgason, á forvarnarsviði Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins.

Innflytjendurnir sem talað var við eru (nöfn tilbúin): Branka frá Serbíu; Peter frá Bandaríkjunum; Baraw frá Kúrdistan; Karina frá Póllandi; Analyn og Ramil frá Filippseyjum. Þau höfðu búid á Íslandi í 7–11 ár þegar rætt var við þau og höfðu að baki fjölbreytilega sögu flutninga á milli ólíkra gerða húsnæðis⁸ og á milli hverfa í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði. Flestir viðmælendanna höfðu flust hingað til lands vegna ættar- eða vinatengsla. Hér verður niðurstöðum úr viðtölunum fléttað saman við ályktanir og umræður um stöðu innflytjenda á húsnæðismarkaði.

Viðhorf til vísis að samþjöppun í hverfi

Meðal viðmælenda voru skiptar skoðanir á samþjöppun í búsetu innflytjenda, sem flestir töldu kominn vísi að í Fellahverfi og miðbæ Reykjavíkur. Peter, sem býr í miðbænum, telur samþjöppunina ekki vera vandamál og furðar sig á því hvað umræðan um hina svokölluðu gettónvæðingu hefur verið blásin upp. Edda Ólafsdóttir kom einnig inn á neikvæða fjölmiðlaumræðu og hættu á að ákveðin hverfi fengju á sig

stimpil vegna hás hlutfalls innflytjenda. Karina og Baraw telja bæði að þessi þróun geti verið slæm að því leyti að hún geti hægt á aðlögun innflytjenda. Um þróunina í Fellahverfi sagði hin pólska Karina „...að Pólverjar skapa bara svona litla Pólland, þeir eru með pólska hárgreiðslukonu og með pólskan viðgerðarmann.“ Karina getur ekki hugsað sér að flytja upp í Breiðholt með börnin sín tvö, úr leiguíbúð í Vesturbænum þar sem þau hafa fest rætur „...það skiptir miklu máli fyrir okkur svona rótlausar [að þurfa ekki að flytja].“ Baraw metur stöðuna þannig að innfæddir séu farnir að forðast búsetu í hverfum með mörgum innflytjendum. Hann hafði keypt sína fyrstu íbúð í Fellahverfi, því þar réðu þau hjónin við að kaupa á þeim tíma. Síðar fluttu þau með tvö börn til framtíðarbúsetu í nýtt hverfi í Kópavogi.

Ástæðuna fyrir háu hlutfalli innflytjenda í Fellahverfi röktu allir fyrst og fremst til lægra fasteignaverðs þar en í öðrum hverfum. Gögn Fasteignamats ríkisins (2006b) styðja það. Verð á íbúðarhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu hækkaði mikið á árunum 1990–2005 og verðmunur jókst á milli hverfa. Meðalverð í Æsufelli og Asparfelli var um miðbik þeirra hverfa sem borin voru saman árið 1990, en 15 árum síðar var það orðið áberandi lægst, tæpar 150 þúsund krónur á m². Hæst var fermetraverðið 2005 í miðbæ og Vesturbæ Reykjavíkur, um 220 þúsund krónur, en hafði verið með því lægsta árið 1990. Lægsta verð íbúða í hluta Fellahverfis nú skýrist m.a. af upphaflegu markmiði með byggingu hverfisins, sem var að auka framboð á húsnæði fyrir tekjulægri hópa. Varð útkoman stór fjölbýlishús, byggð með aðferð fjöldaframleiðslu og voru um 200 leiguíbúðir í hverfinu í umsjón félagsmálafyrvalda (Sigurjón Ólafsson 1995; Eggert Þór Bernharðsson

⁸ Þau höfðu reynslu af búsetu á gistiheimili, í starfsmannabúðum, í leiguherbergi og leiguíbúð á bæði almennum markaði og félagslegum, inni á ættingjum og í eigin íbúð.

1998; Kjartan Emil Sigurðsson 2002). Segja má að Breiðholtið hafi liðið fyrir þennan hluta byggingarsögu hverfisins og neikvæður stimpill verið viðloðandi Fellahverfið nánast frá upphafi (Bragi Bergsson 2004). Í byrjun var hátt hlutfall einstæðra mæðra í hverfinu talið vandamál (Eggert Þór Bernharðsson 1998), en í dag hefur stimplunin í fjölmiðlaframsetningu færst yfir á fjölda útlendinga.

Aðskilnað í nýjum hverfum í jaðri höfuðborgarsvæðisins má að sama skapi skýra með þróun fasteignaverðs auk þess sem hár ferðakostnaður gæti verið hindrun í huga innflytjenda. Flestir hafa komið gagngert til að vinna og afla tekna, sem í mörgum tilvikum eru að hluta nýttar til stuðnings fjölskyldu og framtíðar í heima-landinu. Ákvörðun um að setjast að á Íslandi tekur oft langan tíma og á meðan er fjárfesting í húsnæði og bíl hér á landi ekki í forgangi (Unnur Dís Skaptadóttir og Anna Wojtyńska 2007).

Samþjöppunin í atvinnuhúsnæði og iðnaðarhverfi bendir til þess að veikburða leigumarkaður á höfuðborgarsvæðinu hafi ekki ráðið við stórauðinn aðflutning fólks sem ekki er tilbúið til að borga megnið af tekjum sínum í húsnæði og því grípi atvinnurekendur til ýmissa ráða í húsnæðismálum verkamanna sinna, eins og tölur slökkviliðsins um búsetu í atvinnuhúsnæði sýna. Fjöldi ríkisborgara frá Austur-Evrópu á Kjalarnesi og í Mosfellsbæ skýrist mest af fjölmönnum starfsmannabúðum verktakafyrirtækja, m.a. í fyrrum útibúi geðdeildar Landspítalans í Arnarholti.

Nokkrir viðmælenda nefndu félagsleg tengslanet sem skýringu samþjöppunar, þ.e. að fólk vildi búa nálægt ættingjum, vinum eða jafnvel samlöndum. Í danski könnun á búsetuvali innflytjenda vó nálægð við ættingja mun þyngra í ákvörðun um hverfi til búsetu, en fjöldi frá upprunalandi. Kenningum um sjálfviljuga samþjöppun með varðveislu menningareinkenna að

leiðarljósi var því hafnað (sbr. Skifter Andersen 2006).

Leigu- og fasteignamarkaður – dýrt og rýrt

Sárauðiþráður skín í gegnum húsnæðissögur innflytjendanna að erfitt hafi verið að finna hér viðunandi húsnæði til búsetu og var það rakið til skorts á hentugu leiguhúsnæði. Að mati Peters bar ástandið á leigumarkaði einfaldlega keim af lögmálum hins frjálssa markaðar, þ.e. að eftirspurn væri meiri en framboð: „...nú er mikið lélegt húsnæði og það er augljóst að það er ekkert mikið val.“ Edda Ólafsdóttir nefnir sem dæmi um slæmar aðstæður á leigumarkaði að fólk af erlendum uppruna hafi jafnvel leigt til búsetu þvottahús, geymslur og skúra. Einnig séu dæmi þess að öll herbergi íbúðar séu leigð út til mismunandi einstaklinga sem deila baðherbergi og eldhúsi. Fólk sé síðan að borga mjög háa leigu miðað við þetta fyrirkomulag. Margrét Steinarsdóttir taldi einnig að innflytjendur væru oft á tíðum að borga of háa leigu miðað við stærð og ástand húsnæðis. Karina tiltók slíkt dæmi um pólska verkamenn sem bjuggu fjórir saman í einu herbergi í atvinnuhúsnæði og borguðu sextíu þúsund á mánuði fyrir það. Að sögn Jónasar Helgasonar er húsnæði margra erlendra verkamanna sem ráðnir hafa verið til landsins með því versta sem þekkist á höfuðborgarsvæðinu. Í sumum tilvikum yrði aldrei leyfð búseta og á flestum stöðum er brunavörnum ábótavant. Í kjölfar lagabreytinganna 2007 hefur verið farið kerfisbundið yfir slíkt húsnæði í Hafnarfirði og Garðabæ, alls 58 staði samkvæmt skoðunarskýrslu í júlí 2008. Þá voru margir búsetustaðir í leyfisferli fyrir skráningu starfsmannabúða, á meðan sumum hefur verið lokað af yfirvöldum eða búsetu hætt af öðrum orsökum.

Viðmælendur töldu að aðgengi að eignaríbúðum væri ekki gott fyrir stóran hluta innflytjenda, vegna erfiðleika við að

fjármagna kaup á eigin húsnæði. Aðgengi að lánsfé, lágar tekjur og takmarkað tekjuöryggi spilaði þar saman. Tveir viðmælenda töluðu af eigin reynslu um tilraunir til að fá húsnæðislán hjá bönkum, en lán fékkst ekki fyrir en þeir leituðu til Íbúðalánasjóðs. Að sögn Margrétar Steinarsdóttur eru margir innflytjendur í lágtekjuhópi og leita því að ódýrasta kostinum við kaup á húsnæði. Ein leið er að fjölskyldur kaupi saman íbúð til þess að létta greiðslubyrði af lánum og nefndi hún dæmi um þrjú systkini og fjölskyldur þeirra sem keyptu saman íbúð, þar sem hver fjölskylda hafði eitt herbergi fyrir sig. Í norski lífskjarakönnun (Blom og Henriksen 2008) reyndist stór munur vera á hlutlægu og huglægu mati Norðmanna og fólks af erlendum uppruna á þröngbýli. Líkt og í Noregi jókst íbúðarými á mann hröðum skrefum á Íslandi á seinni hluta 20. aldar (Jón Rúnar Sveinsson 2002), og þar með kröfurnar, sem getur skýrt áherslu á tengsl húsnæðisgæða og þrengsla í frásögnum íslensku viðmælendanna.

Hindranir og mismunur á húsnæðismarkaði

Þegar þróun fasteignaverðs, leigu og húsnæðisbóta (Félagsmálaráðuneytið 2004; Ásgeir Jónsson o.fl. 2006; Fasteignamat ríkisins 2006b; Stefán Ólafsson 2007) er sett í samhengi við fjárhagslegar bjargir innflytjenda er ósjálfviljug samþjöppun líklegasta skýring á því búsetumynstri sem sjá má 2005. Í íslensku samhengi er það atvinna í neðri lögum launastigans, frekar en staða utan vinnnumarkaða, sem hefur takmarkað fjárhagslegar bjargir erlendra ríkisborgara á höfuðborgarsvæðinu. Atvinnuleysi fór minnkandi frá 2004–2007, á sama tíma og mikil aukning varð á erlendu vinnuafli, og var almennt atvinnuleysi einungis um 1% árið 2007 (Vinnuálastofnun 2007). Á haustmánuðum 2008 eru hins vegar komnar mun dekkri blíkur á loft í atvinnuálmum. Í Noregi, Svíþjóð og Danmörku hefur

atvinnuleysi verið meira og mun herra meðal hás hlutfalls innflytjenda sem komið hafa sem flóttamenn síðustu áratugi (SCB 2004; Blom 2006). Á höfuðborgarsvæðinu voru fjölmennustu hópar erlendra ríkisborgara árið 2005 starfandi við heilbrigðis- og félagsþjónustu; annan iðnað en fiskvinnslu; fasteignþjónustu og á hótelum og veitingahúsum (Hagstofa Íslands 2006). Mörg störf í þessum greinum eru láglaunastörf, auk þess sem dæmi eru um að erlent launafólk hafi fengið lægri laun en innlent fyrir sambærileg störf (Rauði kross Íslands 2006; Þóra Helgadóttir 2007). Í könnun Þjóðhagsstofnunar (Sigurður Guðmundsson 2000) kom fram að meðalatvinnutekjur erlendra ríkisborgara væru 70% af meðalatvinnutekjum allra framteljenda árið 1999. Lægstar voru þær meðal fólks frá Mið- og Suður-Ameríku og Asíu, þaðan sem konur voru flestar. Børresen (2002) talar um stofnanabundna mismunur í þessu samhengi, þ.e. að lítið sé á innflytjendur sem óaðra vinnuafli sem raðast í lægstu þrep vinnnumarkaðarins. Þegar kynbundin mismunur bætist síðan við má ætla að staða einstæðra mæðra af erlendum uppruna sé einna þrengst á húsnæðismarkaði hérlendis.

Aðgengi að fjármagni til húsnæðiskaupa var dæmi um fjárhagslegar bjargir í viðtölunum, sem erfitt var að nálgast á frjálsum markaði bæði fyrir og eftir þann tíma sem bankar, sparisjóðir og lífeyrissjóðir komu af fullum krafti á íbúðalánamarkaðinn á árinu 2004. Í ágúst 2006 var sex lána- stofnunum send fyrirspurn í tölvupósti um hvort erlendir ríkisborgarar með lögheimili á Íslandi nytu sömu lánakjara og íslenskir ríkisborgarar. Í svörum tveggja voru fyrirvarar, sem flokka má sem beina mismunur. Annar um lengd dvalar (a.m.k. þrjú ár) og hinn um að erlendir ríkisborgarar fengu ekki 100% lán.

Í stefnu ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda (Félagsmálaráðuneytið 2007) er

ekki komið sérstaklega inn á húsnæðismál, en áréttað að sveitarstjórnir tryggi jafnan aðgang innflytjenda að félagsþjónustu og vinni gegn félagslegri einangrun þeirra, sem að okkar mati tengist sterkt umræðunni um aðskilnað í búsetu. Í maí 2008 var samþykkt þingsályktun um framkvæmdaáætlun sem byggir á stefnunni (Alþingi 2008), þar sem aðeins er komið inn á húsnæðismál í tengslum við upplýsingamiðlun um fasteignaviðskipti. Álíka skort á tengingu stefnu um aðlögun innflytjenda og stefnu í húsnæðismálum má víða finna í Evrópu (Czischke 2007). Ef frá eru talin öryggismál í óleyfisíbúðum í atvinnuhúsnæði virðast aðstæður og mismunun innflytjenda á húsnæðismarkaði ekki vera ofarlega á baugi. Nýlegar kannanir á húsaleigumarkaði (Félagsmálaráðuneytið 2004) og húsnæðisaðstæðum og greiðsluferfiðleikum ólíkra þjóðfélagshópa (Stefán Ólafsson 2007) ná ekki til innflytjenda.

Varðandi aðgengi að félagsþjónustu sveitarfélaga, sem m.a. felur í sér að tryggja „eftir því sem kostur er og þörf á“ framboð á húsnæði fyrir fólk með lágur tekjur og/eða erfiðar félagslegar aðstæður, er í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga (Lög nr. 40/1991) talað um að allir íbúar með lögheimili í sveitarfélaginu eigi rétt á þjónustunni. Í viðbót frá 1997 er talað um endurkröfurett á ríkissjóð ef aðstoð er veitt erlendum ríkisborgara sem hefur átt lögheimili í landinu skemur en tvö ár (Lög nr. 34/1997). Stuðningur sveitarfélaga í húsnæðismálum felst einkum í greiðslu húsaleigubóta og úthlutun á félagslegu leiguhúsnæði, alls 2.573 íbúðir á höfuðborgarsvæðinu við árslok 2006, þar af um tvö þúsund í Reykjavík (Stefán Ólafsson 2007). Í opinberum gögnum var hvergi að sjá upplýsingar um úthlutun húsaleigubóta eða félagslegra íbúða eftir íslensku eða erlendu ríkisfangi, en samkvæmt Birgi Ottóssyni, forstöðumanni þjónustudeildar Félagsbústaða (munnleg heimild í júní 2008) eru 6–7% af íbúðum Félagsbústaða leigðar

fólki af erlendum uppruna. Hann lagði áherslu á að folkið væri allt með íslenskt ríkisfang og að einu undantekningar á því hefðu verið kvótaflóttamenn, sem Reykjavíkurborg tók á móti.

Miðað við húsnæðissögur innflytjendanna og frásagnir íslensku viðmælendanna af algengum leiguadstæðum innflytjenda í atvinnuhúsnæði eða herbergjum án sérbaðherbergis og séreldunaraðstöðu, er ljóst að ákvæði um gerð húsnæðis í lögum um húsaleigubætur koma í veg fyrir að margir erlendir ríkisborgarar geti fengið þær bætur. Má flokka það sem óbeina mismunun, þar sem reglur um húsnæðisstuðning koma sérstaklega illa við tiltekinn hóp (Englund 2004). Auk þess eru tenging dvalarleyfis, sem myndar grundvöll fyrir útgáfu ótímabundins búsetuleyfis fyrir fólk utan EES, og tenging veitingar íslensks ríkisborgararéttar við að hafa ekki þegið fjárhagsaðstoð sveitarfélaga (Reglugerð um útlendinga nr. 53/2003; Lög nr. 100/1952), dæmi um mögulega óbeina eða stofnanabundna mismunun. Þetta ákvæði hefur hingað til ekki náð til húsaleigubóta, en dæmi eru um að umsækjendur sem þegið hafa annars konar fjárhagsaðstoð hafi fengið synjun. Samkvæmt viðtölunum eru margir innflytjendur meðvitaðir um þessi skilyrði. Í upplýsingabæklingnum *Fyrstu skrefin á Íslandi* er talað um að félagsþjónusta sveitarfélaga geti veitt aðstoð vegna fjárhagserfiðleika og húsnæðismála. Stuttu síðar er varað við því að fjárhagsaðstoð geti komið í veg fyrir framlengingu dvalarleyfis og samþykki á umsókn um ríkisborgararétt (Innflytjendaráð 2007). Að okkar mati er ekki nógu skýrt að fjárhagsaðstoðin eigi ekki við um húsaleigubætur og óljóst er hvernig sérstakar húsnæðisbætur og búseta í félagslegu húsnæði eru metin í þessu samhengi. Hætta er á því að ákvæði útlendingalaga og ríkisborgararéttar verði til þess að innflytjendur veigri sér við að nýta sér þjónustu sem þeir hafa rétt á, af

óttu við áhrif síðar á veitingu dvalarleyfis og ríkisborgararéttar. Möguleg afleiðing er að tekjulágir innflytjendur með fáa valkosti á húsnæðismarkaði búi við lélegri húsnæðisáðstæður en aðrir íbúar í sambærilegri efnahagsstöðu.

Að mati innflytjendanna var framboð upplýsinga um húsnæðismál bágborið, en aðgengi að upplýsingum telst til þekkingarlegra bjarga. Branka lýsti því svo: „Enginn var að segja okkur frá, þú þarft að redda þér sjálfur.“ Peter sagði megnið af þekkingu sinni um húsnæðismál á Íslandi vera komið frá öðrum innflytjendum. Jákvæð breyting virðist hafa orðið á allra síðustu árum varðandi framboð upplýsinga um húsnæðismál á mismunandi tungumálum. Samkvæmt lauslegri könnun okkar á vefsíðum í júní 2008 er nú víða að finna upplýsingar á frá tveimur til ellefu erlendum tungumálum⁹, sem ná til stærstu hópa innflytjenda hér á landi. Hefur greinilega orðið vitundarvakning um að stór hluti innflytjenda hefur ekki lært ensku í upprunalandi sínu (s.s. austan járntjalds í Evrópu kaldastríðstímans).

LOKAORÐ

Niðurstöður rannsóknarinnar gefa til kynna að finna megi vísi að samþjöppun og aðskilnaði í búsetu erlendra ríkisborgara á höfuðborgarsvæðinu. Innflytjendaþéttleikinn í einstaka hverfum er þó lítil og ekki hafa myndast innflytjendahverfi í líkingu við þau sem mest eru í umræðunni í höfuðborgum hinna Norðurlandanna. Auk þess er íbúasamsetningin fjölþjóðleg í innflytjendaþéttustu hverfunum hér. Tal um gettívæðingu að bandaríski fyrirmynd er almennt hafnað í evrópsku samhengi (Czischke 2007; Simonsen 2008) og er ekki í neinu samræmi við búsetudreifingu og mikla atvinnuþátttöku innflytjenda hér

á landi. Með hliðsjón af virkni í atvinnulífi má líka velta upp þeirri spurningu hvort vinnustaðir séu ekki mikilvægari í aðlögunar- og samþættingarferli en íbúðahverfi, þar sem almennt eru fáir á ferli utandyra nema í bíl á Íslandi. Að mati Ellis o.fl. (2004) hefur verið einblínt mikið á búsetu í rannsóknum á aðskilnaði etnískra hópa, á kostnað annarra staða í borgarrýminu þar sem fólk á samskipti. Í tilvikum barna eru þeir oft í skólum og íþróttastarfi. Skortur á aukafjármunum til aðlögunarstarfs í stofnunum í innflytjendaþéttum hverfum getur því skýrt vandamál í aðlögun næstu kynslóðar, fremur en búsetan ein og sér.

Aðgengi að góðu húsnæði á viðráðanlegu verði fyrir tekjulægri hópa í samfélaginu er bágborið, bæði á leigu- og fasteignamarkaði. Margir innflytjendur virðast búa bæði þröngt og dýrt miðað við gæði húsnæðis á almennum leigumarkaði og í atvinnuhúsnæði sem fyrirtæki útvega erlendum starfsmönnum sínum. Auk þess eiga þeir oft ekki möguleika á húsaleigubótum vegna gerðar húsnæðis eða sambýlisforms. Afleiðing fárra kosta er, samkvæmt húsnæðissögum viðmælenda, mikil hreyfing á innflytjendum á milli húsnæðis, a.m.k. fyrstu árin hér á landi. Ætla má að tíðir búferlaflutningar auðveldi ekki aðlögun að hinu nýja samfélagi.

Flestir sem rætt var við lögðu áherslu á að innflytjendur á Íslandi væru mjög fjölbreyttur hópur og forsendur flutnings til landsins ólíkar. Sumir ætla sér aðeins að vera hér tímabundið, en aðrir til frambúðar. Af því leiðir að aðstæður og áherslur innflytjenda á húsnæðismarkaði eru mismunandi. Ef vel á að vera þarf að sinna báðum hópum í stefnumótun um aðlögun og húsnæðismál og afla meiri þekkingar á stöðu innflytjenda á húsnæðismarkaði, sérstaklega á leigumarkaði og varðandi

⁹ Bæklingur Vinnuálagstofnunar er á ensku og pólsku. Einnig eru húsaleigusamningar aðgengilegir á þeim tveimur erlendu tungumálum. Flestar tungur er að finna á síðu Alþjóðahúss (sjá www.ahus.is).

aðgengi að húsnæðisstuðningi fyrir tekju-
lægri hópa samfélagsins. Meðal annars þarf
að spyrja um óskir og þarfir mismunandi
hópa innflytjenda á húsnæðismarkaði. Eru
þær frábrugðnar óskum og þörfum heima-
manna? Ef svo er, hvernig skal bregðast við
því og koma í veg fyrir að búsetuáætlætur
verði birtingarmynd ójöfnuðar, sem rekja
má til uppruna á mismunandi svæðum
heimsins?

ÞAKKARORÐ

Greinin byggir að hluta á rannsóknarverkefni
sem styrkt var af Íbúðalánasjóði. Aðstoð og
góð ráð varðandi tölfraeðigögn frá Hagstofu
Íslands veittu Ólöf Gardarsdóttir og Guðjón
Hauksson. Eru þeim og öllum viðmælendum
rannsóknarinnar færðar bestu þakkir.

HEIMILDIR

Alþingi 2008: *Dingsályktun um framkvæmdaáætlun
í málefnum innflytjenda*. Skoðað 25. júní 2008 á
<http://www.althingi.is>

Andersson, R. 1998: Socio-spatial Dynamics:
Ethnic Divisions of Mobility and Housing
in Post-Palme Sweden. *Urban Studies* 35(3),
397–428.

Ásgeir Jónsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Stein-
grímur Arnar Finnsson, Svava Jóhanna
Haraldsdóttir, Þóra Helgadóttir og Þórhallur
Ásbjörnsson 2006: *Höfuðborgin í öndvegi*.
Reykjavík: Kaupþing banki hf.

Bjarni Reynarsson 2003: *Á faraldsfæti: Dróun
mannfjöldi og búferlafstutninga í Reykjavík og á
höfuðborgarsvæðinu 1990–2002*. Reykjavík:
Þróunar- og fjölskyldusvið Reykjavíkurbor-
gar.

Blom, S. 2006: *Højest innvandrerandel i Oslo, men
store segregasjon i danske byer*. Skoðað 26. júní
2008 á <http://www.ssb.no>

Blom, S. og K. Henriksen (ritstj.) 2008: *Levekår
blant innvandrere i Norge 2005/2006*. Skoðað
26. júní 2008 á <http://www.ssb.no>

Bragi Bergsson 2004: Fellapakkið í gettóinu:
Uppbygging Efra-Breiðholts. *Sagnir* 24,
66–73.

Bråmås, Å. 2006: *Studies in the Dynamics of Residential
Segregation* (Geografiska Regionstudier 67).
Uppsala: Uppsala Universitet.

Børresen, S.K. 2002: *Boligmæssig segregering:
Hvad er årsagen til, at flytninge og indvandrere bor
koncentreret i de belastede boligområder?* (AMID
Working Paper Series 14/2002). Aalborg:
Aalborg Universitet.

Castles, S. 2006: Guestworkers in Europe: A
Resurrection? *International Migration Review*
40(4), 741–766.

Castles, S. og M.J. Miller 2003: *The Age of
Migration: International Population Movements in
the Modern World* (3. útg.). Hampshire: Palgrave
Macmillan.

Charles, C.Z. 2003: The Dynamics of Racial
Residential Segregation. *Annual Review of
Sociology* 29, 167–207.

Czischke, D. 2007: *Social Housing and Integration
of Immigrants in the European Union: Exchange:
Tools for Social Housing Providers*. Brussels:
CHECODAS: European Social Housing
Observatory.

Dwyer, C. 1999: Veiled meanings: Young
British Muslim women and the negotiation
of difference. *Gender, Place and Culture* 6(1),
5–26.

Eggert Þór Bernharðsson 1998: *Saga Reykjavíkur.
Borgin 1940–1990. Fyrri hluti*. Reykjavík:
Íðunn.

Edgar, B. 2004: *Policy measures to ensure access to
decent housing for migrants and ethnic minorities*.
Skoðað 26. júní 2008 á <http://ec.europa.eu>

Ellis, M., R. Wright og V. Parks 2004: Work
Together, Live Apart? Geographies of Racial
and Ethnic Segregation at Home and at Work.
Annals of the Association of American Geographers
94(3), 620–637.

Englund, C. (ritstj.) 2004: *European Racism and
Xenophobia Information Network: National Focal
Point for Sweden*. Vienna: European Monitoring
Centre on Racism and Xenophobia.

Fasteignamat ríkisins 2006a: *Fjöldi íbúða eftir
sveitarfélögum með byggingarár 2005 eða eldra*.
Skoðað 10. júlí 2008 á <http://www.fmr.is>

Fasteignamat ríkisins 2006b: *Dróun íbúðaverðs eftir
hverjum á höfuðborgarsvæðinu*. Skoðað 1. júlí 2008
á <http://www.fmr.is>

Félagsmálaráðuneytið 2004: *Íslenskur búsaleigu-
markaður. Staða og horfur*. Skoðað 5. mars 2007
á <http://www.felagsmalaraduneyti.is>

- Félagsmálaráðuneytið 2005: *Skýrsla nefndar um aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi*. Skoðað 6. mars 2007 á <http://www.felagsmalaraduneyti.is>
- Félagsmálaráðuneytið 2007: *Stefna ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda*. Skoðað 24. janúar 2007 á <http://www.felagsmalaraduneyti.is>
- Fortuijn, J.D., S. Musterd og W. Ostendorf 1998: International Migration and Ethnic Segregation: Impacts on Urban Areas: Introduction. *Urban Studies* 35(3), 367–370.
- Frank Friðrik Friðriksson og Karl Sigurðsson 2008: *Staða og horfur á vinnumarkaði á vormánuðum 2008 og horfur innan einstakra atvinnugreina*. Reykjavík: Vinnumálastofnun.
- Gregory, D. 1994: *Geographical Imaginations*. Oxford: Blackwell Publishers.
- Hagstofa Íslands 2006: *Starfandi erlendir ríkisborgarar 1998–2005* (Hagtiðindi 2006:2). Reykjavík: Hagstofa Íslands.
- Hagstofa Íslands 2007: *Fólksfjöldapróun og erlendir ríkisborgarar* (Hagtiðindi 2007:2). Reykjavík: Hagstofa Íslands.
- Hagstofa Íslands 2008: *Mannfjöldi 1. janúar 2008*. (Hagtiðindi 2008:1). Reykjavík: Hagstofa Íslands.
- Hagstofa Íslands á.á. a: *Búferlafutningar milli landa eftir kyni og ríkisfangi í landsblutum 1986–2008*. Skoðað 30. október 2008 á <http://www.hagstofa.is>
- Hagstofa Íslands á.á. b: *Búferlafutningar milli landsvæða eftir kyni og aldri 1986–2008*. Skoðað 30. október 2008 á <http://www.hagstofa.is>
- Hagstofa Íslands á.á. c: *Mannfjöldi eftir kyni, sveitarfélagi og ríkisfangi 1. janúar 1998–2008* Skoðað 9. júlí 2008 á <http://www.hagstofa.is>
- Hagstofa Íslands á.á. d: *Veiting íslensks ríkisfangs eftir fyrri ríkisfangi, kyni og aldri 1991–2007*. Skoðað 9. júlí 2008 á <http://www.hagstofa.is>
- Harrison, M., I. Law og D. Phillips 2005: *Migrants, Minorities and Housing: Exclusion, Discrimination and Anti-Discrimination in 15 Member States of the European Union*. Vienna: European Monitoring Centre on Racism and Xenophobia.
- Hiebert, D. 2000: Chicago School. Í R.J. Johnston, D. Gregory, G. Pratt og M. Watts (ritstj.), *The Dictionary of Human Geography* (4. útg.) (bls. 75–78). Oxford: Blackwell Publishers.
- Innflytjendaráð 2007: *Your First Steps in Iceland: Information Booklet for People Moving to Iceland*. Reykjavík: Innflytjendaráð.
- Jón Rúnar Sveinsson 2002: *Húsnæðismál í Reykjavík 1991–2000*. Reykjavík: Borgarfræðasetur.
- Jórunn Íris Sindradóttir 2007: *Búsetumynstur og húsnæðisögur innflytjenda á höfuðborgarsvæðinu*. Jarð- og landfræðiskor Háskóla Íslands, óútgefin BS-ritgerð.
- Kjartan Emil Sigurðsson 2002: Upphaf „félagsmálapakka“: Húsnæðismál og kjarasamningar árin 1964 og 1965. *Saga* 40, 117–149.
- Lappalainen, P. (ritstj.) 2005: *Det blågula glashuset: Strukturell diskriminering i Sverige*. (Statens offentliga utredningar nr. 2005:56). Stockholm: Fritzes Offentliga Publikationer.
- Lög um breytingu á lögum nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, og lögum nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 21/2006.
- Lög um breytingu á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, sbr. lög nr. 31/1994 og 130/1995, nr. 34/1997.
- Lög um breytingu á lögum um lögheimili, nr. 21/1990, og lögum um brunavarnir, nr. 75/2000, með síðari breytingum, nr. 67/2007.
- Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.
- Lög um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100/1952.
- Massey, D.S. og N.A. Denton 1989: Hypersegregation in U.S. metropolitan areas: black and Hispanic segregation along five dimensions. *Demography* 26(3), 373–379.
- Mayhew, S. 2004: Residential Differentiation: Residential Segregation. *Oxford Dictionary of Geography* (3. útg.) (bls. 424). Oxford: Oxford University Press.
- Molina, I. 2004: Housing. Í C. Englund (ritstj.), *European Racism and Xenophobia Information*

- Network: National Focal Point for Sweden* (bls. 54–68). Vienna: European Monitoring Centre on Racism and Xenophobia.
- Molina, I. 2005: *Etnisk diskriminering i boendet*. Uppsala: Institutet för bostads- och urbanforskning, Uppsala universitet.
- Musterd, S. 2005: Social and Ethnic Segregation in Europe: Levels, Causes, and Effects. *Journal of Urban Affairs* 27(3), 331–348.
- Ómar Ingbórsson 1995: *Erlendir ríkisborgarar á Íslandi 1976–1994: Breyting á samsetningu eftir landfræðilegum uppruna: Astaður breytinganna með tilliti til bagrænna og lagalegra þátta: Veiting íslensks ríkisborgararéttar á tímabilinu*. Jarð- og landfræðiskor Háskóla Íslands, óútgefin BS ritgerð.
- Pacione, M. 2001: *Urban Geography: A Global Perspective*. London: Routledge.
- Peach, C. 2006: The mosaic versus the melting pot: Canada and the U.S.A. *Scottish Geographical Journal* 121, 3–27.
- Rauði kross Íslands 2006: *Hvar þrengir að? Könnun á stöðu þeirra sem minnst mega sín í íslensku samfélagi*. Reykjavík: Rauði kross Íslands.
- Reglugerð um útlendinga, nr. 53/2003.
- Ron, J., M. Poulsen og J. Forrest 2007: The Geography of Ethnic Residential Segregation: A Comparative Study of Five Countries. *Annals of the Association of American Geographers* 97(4), 713–738.
- Rossi, U., J. Uitemark og H. van Houtum 2004: *Reinventing Multiculturalism: Urban Citizenship and the Negotiation of Ethnic Diversity in Amsterdam*. Skoðað 26. júní 2008 á <http://www.urban-europe.net/>
- Said, E.W. 1978: *Orientalism*. London: Penguin.
- Saltman, J. 1991: Theoretical Orientation: Residential Segregation. Í W. Blauw, J. Saltman og E.D. Huttman (ritstj.), *Urban Housing Segregation of Minorities in Western Europe and the United States* (bls. 1–17). Durham, NC: Duke University Press.
- SCB, Statistiska centralbyrån 2004: Högutbildade utrikes födda. *Statistiska meddelanden*, Serie Utbildning och forskning, UF 56 SM 0401.
- Sigurður Guðmundsson 2000: *Þátttaka erlendra ríkisborgara í íslensku hagkerfi og vinnumarkaði*. Reykjavík: Þjóðhagsstofnun.
- Sigurjón Ólafsson (ritstj.) 1995: *Stiklað á stóru í sögu húsnæðismála*. Reykjavík: Húsnæðisstofnun ríkisins.
- Simonsen, K. 2008: Practice, Narrative and the 'Multicultural City': A Copenhagen Case. *European Urban and Regional Studies* 15(2), 145–158.
- Skifter Andersen, H. 2006: *Bo sammen eller spredt? Etniske minoriteters boligønsker og motiver for bosætning*. Sbi 2006:17. Statens Byggeforskningsinstitut. Skoðað 25. júní 2008 á <http://www.sbi.dk>
- Stefán Ólafsson 2007: *Húsnæðiskönnun 2007: Húsnæðisaðstaður og greiðsluferðleikar í ólíkum þjóðfélagsbópum*. Reykjavík: Rannsóknarstöð þjóðmála.
- Unnur Dís Skaptadóttir og Anna Wojtynska 2007: Líf á tveimur stöðum: Vinna eða heimili? Reynsla fólks sem komið hefur til starfa á Íslandi. *Ritið* 7(2-3), 79–93.
- van Kempen, R. og A.Ş. Özüekren 1998: Ethnic Segregation in Cities: New Forms and Explanations in a Dynamic World. *Urban Studies* 35(10), 1631–1656.
- van Kempen, R. og A.Ş. Özüekren 2003: Dynamics and Diversity: Housing Careers and Segregation of Minority Ethnic Groups. *Housing, Theory and Society* 20, 162–171.
- Vinnumálastofnun 2007: *Staða og horfur á vinnumarkaði, vinnumarkaðsaðgerðir og starfsáberstur Vinnumálastofnunar árið 2007*. Reykjavík: Vinnumálastofnun.
- Þóra Helgadóttir 2007: *Breyta þenslu í hagvöxt: Áhrif erlends vinnuafsts*. Skoðað 19. mars 2007 á <http://www.kaupthing.is>